



Jan Buis hjá Airwave segir búnað fyrirtækisins léttu tölvudeildum verulega vinnuna við að stjórna þráðlausu netkerfunum.

BETRI STJÓRN Á ÞRÁÐ-LAUSUM NETKERFUM

Nú þegar umfang þráðlausra netkerfa eykst jafnt og þétt finna fyrirtæki og stofnanir sem halda úti slíkum netkerfum fyrir því í auknum mæli hversu erfitt það getur orðið að halda almennilega utan um þráðlausa netið. Mikill kostnaður, öryggisvandamál og léleg virkni geta ásamt ýmsu öðru orðið þungur baggi á tölvudeildinni ef ekki er rétt að málum staðið.

Bandaríksa fyrirtækið Airwave hefur síðustu ár smiðað hugbúnað sem er þróaður til að hjálpa tölvudeildum að ná betri stjórn á þráðlausu netkerfunum. Jan Buis, yfirmaður sölu- og þróunardeilda fyrirtækisins í Evrópu, var í heimsókn hjá Nýherja fyrir skömmu en í farvatninu er að Nýherji selji lausn Airwave hér á landi. Buis hitti blaðamann Tölvuheims að mál og sagði stuttlega frá því sem hugbúnaðurinn hefur upp á að bjóða. Hann sagði m.a. frá því að fyrirtækið hefði hafið starfsemi í Bandaríkjunum fyrir fimm árum, en þá setti það upp svokallaða „heita reit“ fyrir önnur fyrirtæki. Fljóttlega áttuðu starfsmenn þess sig á því hversu

erfitt verkefni það væri að halda þráðlausum netkerfum almennilega gangandi og fóru að þróa eigin hugbúnað til að sjá um uppsetningu og viðhald þráðlausra netkerfa. Það leiddi svo til þess að fyrirtækið einbeitti sér alfaríð að þróun hugbúnaðarins, sem hefur nú náð umtalsverðri útbreiðslu í Bandaríkjunum, auk þess sem strandhögg er hafið í Evrópu.

Einn helsti kosturinn við Airwave er að hugbúnaðurinn virkar óháð vélbúnaði og því getur netkerfið sem búnaðurinn stjórnar verið samsettur af þráðlausum beinum frá mörgum mismunandi framleiðendum. Að sögn Buis má nota búnaðinn til að raða þráðlausum beinum sem best upp innan fyrirtækja og stofnana þannig að netsambandið haldist sem mest með sem fastum beinum og einnig til að fylgjast stöðugt með öryggi þráðlausa netkerfisins, sem hefur verið mikill höfuðverkur tölvudeilda hingað til.

Nánari upplýsingar um Airwave má finna á slóðinni www.airwave.com.